

# HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Fjárlaganefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. október 2014

1409064HA VRH  
Málalykill: 620

## Efni: Bréf til stjórnvalda vegna fjármagns til hafnaframkvæmda í fjárlögum fyrir árið 2015


Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands sem haldinn var 3. október sl. var fjármagn til hafnaframkvæmda í fjárlagafrumvarpi ársins 2015 tekið til umræðu. Eftirfarandi bókun var samþykkt.

*Stjórn Hafnasambands Íslands hefur farið yfir frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2015 varðandi framlög til hafnamála, en þar kemur fram að gert er ráð fyrir að framlag til hafnabótasjóðs verði 107,4 m.kr. Sú fjárhæð má segja að samsvari byggingu hafnarbakka, sem væri um 21 metri að lengd. Hafnasamband Íslands skorar á Alþingi að endurskoða fjárveitingar til verkefna á sviði hafnamála ekki síst með tilliti til mikilvægis hafnanna fyrir samgöngukerfi landsins, sjávarútveg og atvinnulíf. Ætli Íslendingar sér að viðhalda nauðsynlegum hafnarmannvirkjum og nýta ný tækifæri í flutningum og samgöngum á hafinu umhverfis Ísland mun fyrirhuguð fjárveiting ársins 2015 duga höfnum skammt. Mikilvægt er að móta framtíðarsýn um hlutverk og tækifæri hafnanna, byggða á raunhæfri fjármögnun verkefna, sem koma munu samfélaginu til góða á komandi árum. Hafnasamband Ísland væntir þess að í fjárlögum ársins 2015 megi sjá ásættanleg skref í þá átt.*

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands